

## Utanríkisverslun með vörur 2003

*Samantekt* Allt árið 2003 voru fluttar út vörur fyrir 182,6 milljarða króna en inn fyrir 199,5 milljarða króna fob, 216,5 milljarða króna cif. Halli var því á vöruskiptunum við útlönd sem nam 16,9 milljörðum króna fob en 13,1 milljarðs króna afgangur var árið 2002. Útflutningur dróst saman um 11% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs, en innflutningur jókst um 4%. Sjávarafurðir voru 62% alls útflutnings og drógust saman um 12% frá fyrra ári, iðnaðarvörur voru 34% alls útflutnings og dróst verðmæti þeirra saman um 8%. Stærstu vöruflokkar innflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 27% hlutdeild, fjárfestingavörur með 23% hlutdeild og neysluvörur með 20% hlutdeild. Í krónum talið varð mest aukning á innflutningi fjárfestingavara. Mest var flutt inn frá og út til EES, 77% útflutnings fór til EES og 64% innflutnings kom frá EES. Stærstu viðskiptalönd voru Bretland í útflutningi, 18% af heild, og Þýskaland í innflutningi, 12% af heild.

### Vöruskiptajöfnuður

Útflutningur 182,6 milljarðar fob  
og innflutningur 216,5 milljarðar  
cif

Í töflu 1 er sýnd þróun utanríkisverslunar áratuginn 1994–2003. Innflutningur er hér sýndur á cif-verði en útflutningur á fob-verði, eins og hefð er fyrir í birtingu talna um utanríkisverslun. Á árinu 2003 nam verðmæti vöruútflutningsins í heild 182,6 milljörðum króna fob á móti 216,5 milljarða heildarvöruinnflutningi cif. Þetta þýðir að útflutningur umfram innflutning á árinu 2003 var neikvæður um 33,9 milljarða. Samkvæmt þessum mælikvarða hefur verið halli á utanríkisversluninni allan þennan áratug að undanskildum árunum 1994 og 1995. Hallinn hefur verið mismikill eða frá um 1,6% af útflutningsverðmæti árið 2002, upp í 36,1% árið 2000. Hallinn á vöruskiptunum var 18,6% árið 2003, 12,4% árið 2001 og 25,8% árið 1999.

**Tafla 1. Utanríkisverslun árin 1994–2003**

	Í millj. kr. á verðlagi hvers árs			Útflutt umfram innflutt í % af útflutningi
	Útflutt fob	Innflutt cif	Útflutt umfram innflutt (fob-cif)	
1994	112.654	102.541	10.113	9,0
1995	116.607	113.614	2.993	2,6
1996	125.690	135.994	-10.304	-8,2
1997	131.213	143.227	-12.014	-9,2
1998	136.592	176.072	-39.480	-28,9
1999	144.928	182.322	-37.394	-25,8
2000	149.273	203.222	-53.949	-36,1
2001	196.582	220.874	-24.292	-12,4
2002	204.303	207.608	-3.305	-1,6
2003	182.580	216.525	-33.945	-18,6



### Vöruskiptajöfnuður óhagstæður


Vöruskiptajöfnuður er reiknaður út frá fob-verði bæði innflutnings og útflutnings. Innflutningur fob nam 199,5 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2003 því óhagstæður um 16,9 milljarða. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuðurinn fob við útlönd hefur verið hagstæður fjögur ár af þeim tíu árum sem hér eru sýnd. Mestur afgangur varð árið 1994, 4,4% af vergri landsframleiðslu, einnig var umtalsverður afgangur árið 1995. Halli var á vöruskiptunum sex þessarra ára, mestur 5,7% af vergri landsframleiðslu árið 2000. Árið 2003 var halli 2,1% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskiptajöfnuð í hlutfalli af útflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun útflutnings fob, innflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.

**Tafla 2. Vöruskiptajöfnuður árin 1994–2003**


Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs		Á föstu verðlagi ársins 2003 <sup>1</sup>		Vöruskiptajöfnuður		
	Útflutt fob	Innflutt fob	Útflutt fob	Innflutt fob	Á verðlagi hvers árs	Á föstu verðlagi ársins 2003 <sup>1</sup>	Hlutfall af vlf., %
	1994	112.654	93.243	142.005	149.578	19.411	-7.573
1995	116.607	103.539	150.325	156.002	13.068	-5.676	2,89
1996	125.690	124.836	148.492	161.284	854	-12.792	0,18
1997	131.213	131.326	152.763	161.413	-113	-8.650	-0,02
1998	136.592	162.062	163.333	160.252	-25.470	3.081	-4,48
1999	144.928	167.778	161.809	160.753	-22.850	1.055	-3,75
2000	149.273	187.276	168.862	174.603	-38.003	-5.741	-5,74
2001	196.582	203.083	207.364	210.288	-6.501	-2.923	-0,87
2002	204.303	191.205	202.150	205.005	13.098	-2.855	1,68
2003	182.580	199.512	182.580	199.512	-16.932	-16.932	-2,10

<sup>1</sup> Miðað við breytingar á magnvísitölum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísitölum samkvæmt einingarverðum úr tollskrárnúmerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) í hlutfalli af útflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) í hlutfalli af vergri landsframleiðslu**



## Mynd 2. Utanríkisverslun 1985–2003



## Verð- og magnbreytingar 2002–2003

Útflutningur dróst saman á föstu gengi en innflutningur jókst

Verðmæti vöruútflutnings dróst saman um 6,2% frá árinu 2002 til 2003 og verðmæti innflutnings fob jókst um 9,5% þegar tekið hefur verið tillit til 4,8% lækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli ára, eins og sést í töflu 3. Verðmæti sjávarafurða dróst saman um 7,2%, reiknað á sama gengi bæði árin og verðmæti iðnaðarværa dróst saman um 3,2%. Mikil aukning varð í innflutningi fjárfestingaværa. Einnig varð aukning á innflutningi fólksbíla og flutningatækja til atvinnurekstrar.

**Tafla 3. Verðmæti útflutnings og innflutnings á föstu gengi árin 2002 og 2003**

	2002	2003	Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi <sup>1</sup> , %
<b>Útflutningur alls fob</b>	<b>204.303,0</b>	<b>182.580,0</b>	<b>-6,2</b>
Sjávarafurðir	128.591,5	113.692,7	-7,2
Landbúnaðarvörur	3.266,1	3.480,8	11,9
Iðnaðarvörur	67.079,1	61.834,7	-3,2
Aðrar vörur	5.366,2	3.571,8	-30,1
<b>Innflutningur alls fob</b>	<b>191.205,4</b>	<b>199.512,4</b>	<b>9,5</b>
Matvörur og drykkjarvörur	18.566,0	17.988,3	1,7
Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.	54.116,2	53.036,2	2,9
Eldsneyti og smurolíur	15.983,7	15.361,9	0,9
Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)	38.596,8	46.066,6	25,3
Flutningatæki	25.942,7	27.034,0	9,4
Neysluvörur ót.a.	37.569,4	39.736,0	11,0
Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)	430,5	289,3	-29,4
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>13.097,6</b>	<b>-16.932,4</b>	<b>.</b>

<sup>1</sup> Miðað er við meðalgengi í á vöruviðskiptavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 4,8% lægra mánuðina janúar–desember 2003 en sömu mánuði fyrra árs.

*Bæði útflutningsverð og innflutningsverð lækkuðu og viðskiptakjör við útlönd versnuðu*

Í skýrslum Hagstofunnar um utanríkisverslun hefur venjan verið sú að umreikna tölur fyrra árs til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistörlur. Aðgreining verðmætisbreytinga milli verð og magnbreytinga fæst hins vegar ekki nema með útreikningi verðvísitalna. Ein leið er að reikna verðvísitölur samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum. Þetta er gert í töflu 4 og samkvæmt þeim útreikningum lækkaði útflutningsverð í krónum um 9,8% frá árinu 2002 til ársins 2003 og innflutningsverð lækkaði um 3,8% árið 2003 miðað við árið á undan. Viðskiptakjörin við útlönd versnuðu því um 6,2% frá árinu 2002 til ársins 2003.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vöruútflutnings 10,0% lægra árið 2003 en árið áður en útflutningsverð lækkaði á sama tíma um 9,8%. Að raungildi dróst því vöruútflutningur saman um 0,2% frá 2002 til 2003. Verðmæti „almenns“ innflutnings fob jókst um 8,8% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð lækkaði um 3,8% og því jókst vöruinnflutningurinn að raungildi um 13,1%.


**Tafla 4. Verð- og magnvísitölur út- og innflutnings 1994–2003**

Vísitala 2000 = 100	Almennur útflutningur <sup>1</sup>		Almennur innflutningur <sup>2</sup>	
	Verðvísitala	Magnvísitala	Verðvísitala	Magnvísitala
1994	85,7	87,7	88,8	56,3
1995	90,8	85,0	92,6	60,6
1996	89,7	93,2	95,8	69,6
1997	92,0	94,2	95,0	75,9
1998	98,7	93,5	94,0	92,3
1999	97,5	97,7	93,2	96,5
2000	100,0	100,0	100,0	100,0
2001	122,9	107,4	120,0	89,2
2002	120,1	115,3	115,8	87,5
2003	108,3	115,1	111,4	99,0

<sup>1</sup> Allur útflutningur að ýmsum vörum (líður 90 í eldri vinnslugreinaflokkun Hagstofu Íslands) frátöldum.

<sup>2</sup> Allur innflutningur að skipum, flugvélum og vörum ót.a. (líður 700 í hagrænni flokkun innflutnings) frátöldum.

**Mynd 3. Magnvísitölur útflutnings, innflutnings og vergrar landsframleiðslu 1990–2003**




## Útflutningur og innflutningur

Útflutningur dróst saman...

Heildarútflutningur 2003 á verðlagi hvors árs dróst saman 10,6% eða um 21,7 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Sjávarafurðir voru 62,3% alls útflutnings, eða 113,7 milljarðar, og drógust saman um 11,6% frá fyrra ári, eða 14,9 milljarða. Á mynd 3 sést að hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi hefur síðustu ár minnkað smám saman, úr 75,3% á árinu 1994, en hlutfall iðnaðarvara í útflutningi hefur aukist, úr 18,7% á árinu 1994 í 33,9% á árinu 2003. Á árinu 2003 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 36,4%, þá sérstaklega útflutningur á þorski sem var 24,1% alls útflutnings eða 43,9 milljarðar. Þær tegundir sem komu næst útflutningi á þorski voru rækja með 12 milljarða króna útflutning, loðna með 11,8 milljarða króna útflutning og karfi með 9,3 milljarða króna útflutning. Samdrátt útflutnings sjávarafurða mátti einna helst rekja til minni útflutnings á mjöli (6,1 milljarður) aðallega loðnumjöli, en einnig varð samdráttur í útflutningi þorsks (4,6 milljarðar, aðallega fryst flök og blautverkaður þorskur), ýsu og karfa.

Iðnaðarvörur voru 33,9% alls útflutnings og dróst verðmæti þeirra saman um 7,8% eða 5,2 milljarða. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 34,3 milljarðar eða 18,8% og kísiljárn, 6,0 milljarðar eða 3,3%. Af einstökum flokkum iðnaðarvöru varð mestur samdráttur í verðmæti útflutnings á áli (4,3 milljarðar) og lyfjum (1,5 milljarður) en á móti kom aukinn útflutningur á kísiljárninu (1,1 milljarður).


**Mynd 4. Hlutfallsleg skipting útflutnings eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1994–2003**



...en innflutningur jókst

Heildarinnflutningur á verðlagi hvors árs jókst um 4,3% eða um 8,9 milljarða á verðlagi hvors árs eins og sjá má í töflu 6. Stærstu liðir innflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 27% af heildarinnflutningi, eða 59 milljarðar, fjárfestingavörur, 22,6% eða 48,9 milljarðar og neysluvörur, 19,9% eða 43 milljarðar. Í krónum talið varð mest aukning á innflutningi fjárfestingavara eða 7,9 milljarðar. Þá jókst innflutningur á fólksbílum (4,4 milljarðar), flutningatækjum til atvinnurekstrar (4 milljarðar) og neysluvörum (2,5 milljarðar) en á móti kom að mikill samdráttur varð í innflutningi á flugvélum frá árinu á undan (6,2 milljarðar).

**Mynd 5. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2003, hlutfallsleg skipting**




### Utanríkisverslun eftir markaðssvæðum og löndum

77% af útflutningi til EES og 69% af innflutningi frá EES


Evrópska efnahagssvæðið<sup>1</sup> var stærsta markaðssvæði Íslendinga árið 2003. 77% af útflutningi fóru til EES og jókst hlutdeild EES landa úr 69% frá árinu 1999 eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu 64% af innflutningi frá EES, samanborði við 66% frá árinu 1999 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur útflutningur og innflutningur til Bandaríkjana og Japan dregist saman.

Íslendingar fluttu út mest til Bretlands en innflutningur var mestur frá Þýskalandi. Sundurliðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

**Mynd 6. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 1999–2003**



<sup>1</sup> EES-lönd eru öll ESB lönd og EFTA-lönd að Sviss undanskildu.

**Mynd 7. Innflutningur eftir markaðssvæðum árin 1999–2003**

**Bretland helsta útflutningsland Íslendinga**

Fimm helstu útflutningslönd tóku við um 62% af heildarútflutningi Íslendinga 2003 samanborið við 63% árið 2002 og 60% árið 2001 (tölur 7 og 9). Bretland tók við af Þýskalandi sem helsta útflutningsland Íslendinga árið 2003. Verðmæti útflutnings til Bretlands nam þá 32 milljörðum króna, 18% af heildarútflutningi og jókst um 11% frá árinu 2002 reiknað á verðlagi hvors árs. Sjávarafurðir voru 90% útflutningsins til Bretlands árið 2003 og af einstökum vörum innan þess flokks má helst nefna þorsk og rækju. Samdrátt útflutnings til Bretlands mátti einna helst rekja til minni útflutnings á loðnu.

Íslendingar seldu næst mest til Þýskalands á árinu 2003. Þangað var flutt út fyrir 31,8 milljarða króna, 17% af heildarútflutningi. Útflutningur til Þýskalands dróst saman um 16% frá fyrra ári, á verðlagi hvors árs. Samdráttur á útflutningi til Þýskalands var aðallega vegna minna verðmætis álútflutnings en einnig dróst útflutningur á loðnu saman. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Þýskalands var tiltölulega lágt, eða 21%. Af sjávarafurðum var mest flutt út af karfa. Mesta hlutdeild í útflutningi til Þýskalands áttu iðnaðarvörur, 77%, þá aðallega ál.

Holland var þriðja í röðinni, eins og árin á undan. Sala þangað nam 20,5 milljörðum eða 11% af heildarútflutningi, dróst saman um 7% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Hlutfall sjávarafurða til Hollands var aðeins 29%. Mesta hlutdeild í útflutningi til Hollands áttu iðnaðarvörur, sérstaklega ál.

**Þýskaland helsta innflutningsland Íslendinga**

Innflutningur frá þeim fimm löndum sem mest var flutt inn frá nam alls 42% af heildarinnflutningi árið 2003 samanborið við 46% árið 2002 og 47% árið 2001 (tölur 8 og 10). Árið 2003 var mestur innflutningur til Íslands frá Þýskalandi sem leysti Bandaríkin af hólmi sem helsta innflutningsland Íslendinga. Árið 2003 voru fluttar inn vörur frá Þýskalandi fyrir 25,6 milljarða króna, 12% af heildarinnflutningi og innflutningur þaðan jókst að verðmæti um 15% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Mestur hluti þessa innflutnings voru vélar og samgöngutæki, sem einnig er helsta ástæða aukningar á innflutningi frá Þýskalandi.


Árið 2003 var næst mest flutt inn frá Danmörku sem var í þriðja sæti árin á undan og nam verðmæti innflutnings þaðan 17,4 milljörðum króna, 8% af heildarinnflutningi og dróst saman um 2% frá árinu 2002, reiknað á verðlagi hvors árs.

Mestur hluti innfluttra vara frá Danmörku árið 2003 voru ýmsar unnar vörur, vélar og samgöngutæki og framleiðsluvörur.


Bandaríkin voru í þriðja sæti innflutningslanda árið 2003, féllu úr því fyrsta árið á undan, með innflutning að verðmæti 16,1 milljarð króna, 7% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Bandaríkjunum dróst saman að verðmæti um 30% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs. Mestur hluti innflutningsins var innflutningur á vélum og samgöngutækjum og var það einnig helsta ástæða samdráttar innflutnings frá Bandaríkjunum.

Myndir 7 og 8 sýna útflutning og innflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2003 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2003. Þar sést að umtalsverður afgangur var á viðskiptum við Bretland en halli á viðskiptum við Noreg og Danmörku.

**Mynd 8. Útflutningur og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2003**



**Mynd 9. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2003**



Greining utanríkisverslunar eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (tölur 11 og 12) sýnir að EES lönd áttu mesta hlutdeild í útflutningnum 2003, 77%.



Sjávarafurðir voru 62% alls útflutningsins og af þeim voru 76% flutt út til EES landa. Þessi lönd keyptu 78% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í innflutningnum vógu hrávörur og rekstrarvörur þyngst (27%) og af þeim voru 68% flutt inn frá EES löndunum. Um 72% fjárfestingarvara komu frá EES löndum.

Á vef Hagstofunnar ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, svo sem eftir mánuðum, gjaldmiðlum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utanríkisverslunina eftir löndum, markaðs-svæðum og flokkunum og löndum.

Tafla 5. Útflutningur eftir vörflokkum árin 2002–2003

Fob-verð á verðlagi hvors árs	2002			2003			Breyting frá fyrri ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>1.441.292,1</b>	<b>204.303,0</b>	<b>100,0</b>	<b>1.453.079,0</b>	<b>182.580,0</b>	<b>100,0</b>	<b>-10,6</b>
<b>1 Sjávarafurðir</b>	<b>804.195,4</b>	<b>128.591,5</b>	<b>62,9</b>	<b>808.957,8</b>	<b>113.692,7</b>	<b>62,3</b>	<b>-11,6</b>
11 Uppsjávarfiskur	446.049,3	25.083,6	12,3	360.474,8	16.352,6	9,0	-34,8
110 Sild	48.306,9	4.161,1	2,0	44.878,4	2.968,6	1,6	-28,7
111 Loðna	349.575,1	20.467,4	10,0	244.515,2	11.794,5	6,5	-42,4
112 Kolmunn	702,9	41,4	0,0	22.135,8	1.049,6	0,6	.
113 Makrill	19,1	1,0	0,0	34,3	2,3	0,0	140,1
119 Annar uppsjávarfiskur	47.445,4	412,7	0,2	48.911,1	537,6	0,3	30,3
12 Botnfiskur, helstu tegundir	213.593,7	73.939,9	36,2	225.531,1	66.507,1	36,4	-10,1
120 Þorskur	112.788,8	48.546,6	23,8	112.700,8	43.912,5	24,1	-9,5
121 Ýsa	17.913,3	8.197,8	4,0	23.432,4	6.884,4	3,8	-16,0
122 Ufsi	17.457,4	3.682,5	1,8	20.160,0	3.563,3	2,0	-3,2
123 Karfi	56.462,0	10.724,0	5,2	58.814,4	9.254,3	5,1	-13,7
124 Steinbítur	5.462,4	1.725,1	0,8	6.317,5	1.801,4	1,0	4,4
125 Langa	1.171,9	410,8	0,2	1.457,2	432,7	0,2	5,3
126 Blálanga	8,8	3,6	0,0	10,4	4,3	0,0	19,9
127 Keila	1.352,5	331,9	0,2	1.207,8	268,5	0,1	-19,1
128 Skötuselur	569,2	226,5	0,1	1.111,5	319,3	0,2	41,0
129 Skata	407,5	91,3	0,0	319,0	66,6	0,0	-27,1
13 Botnfiskur, annar	34.633,6	4.138,8	2,0	53.021,1	4.528,2	2,5	9,4
130 Gulllax	544,9	47,8	0,0	1.395,4	91,9	0,1	92,2
131 Háfur og annar háfiskur	181,8	28,2	0,0	196,6	27,0	0,0	-4,1
133 Túnfiskur	0,4	0,1	0,0	0,4	0,1	0,0	31,8
138 Grásleppa	503,5	312,5	0,2	823,4	582,8	0,3	86,5
139 Annar botnfiskur	33.403,0	3.750,2	1,8	50.605,4	3.826,4	2,1	2,0
14 Flatfiskur	23.064,6	7.534,5	3,7	22.875,8	7.210,8	3,9	-4,3
140 Grálúða	13.958,7	4.169,0	2,0	13.755,0	4.139,2	2,3	-0,7
141 Lúða	488,9	300,6	0,1	674,1	291,1	0,2	-3,2
142 Skarkoli	2.768,5	903,6	0,4	2.891,2	807,2	0,4	-10,7
143 Sólfúra	44,2	19,0	0,0	157,5	49,3	0,0	158,9
149 Annar flatfiskur	5.804,3	2.142,2	1,0	5.397,9	1.924,0	1,1	-10,2
16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr	38.453,9	15.053,6	7,4	33.955,2	13.469,9	7,4	-10,5
160 Rækja	31.918,1	12.714,1	6,2	31.311,0	11.963,8	6,6	-5,9
161 Humar	1.156,3	1.262,3	0,6	1.152,3	1.144,4	0,6	-9,3
162 Hörpudiskur	617,4	524,0	0,3	172,4	127,8	0,1	-75,6
164 Smokkfiskur	3.935,9	310,7	0,2	505,0	45,6	0,0	-85,3
166 Kúfiskur	798,0	181,0	0,1	785,6	164,7	0,1	-9,0
168 Sæeyra	24,8	59,5	0,0	6,5	13,1	0,0	-78,0
169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.	3,4	2,0	0,0	22,5	10,4	0,0	423,2
19 Aðrar sjávarafurðir	48.400,3	2.841,2	1,4	113.099,8	5.624,1	3,1	97,9
<b>2 Landbúnaðarvörur</b>	<b>9.271,8</b>	<b>3.266,1</b>	<b>1,6</b>	<b>12.455,2</b>	<b>3.480,8</b>	<b>1,9</b>	<b>6,6</b>
21 Fiskeldi	1.806,7	1.193,2	0,6	3.505,3	1.442,5	0,8	20,9
22 Búfê	464,4	319,8	0,2	464,8	330,6	0,2	3,4
23 Afurðir sláturdýra	4.377,8	1.356,4	0,7	4.709,9	1.311,7	0,7	-3,3
24 Mjól og mjólkurvörur	629,6	57,1	0,0	786,1	77,8	0,0	36,2
25 Aðrar land- og sjávarnytjar	1.762,2	320,8	0,2	2.774,3	286,8	0,2	-10,6
29 Aðrar landbúnaðar vörur	231,1	18,8	0,0	214,7	31,6	0,0	67,7

Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2002–2003 (frh.)

Fob verð á verðlagi hvors árs	2002			2003			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>3 Iðnaðarvörur</b>	<b>511.868,3</b>	<b>67.079,1</b>	<b>32,8</b>	<b>520.898,9</b>	<b>61.834,7</b>	<b>33,9</b>	<b>-7,8</b>
31 Matur og drykkjarvara	5.480,4	1.501,1	0,7	6.021,3	1.602,1	0,9	6,7
310 Fiskmeti	2.643,5	1.211,1	0,6	2.497,1	1.256,1	0,7	3,7
317 Sælgæti	77,9	47,3	0,0	75,9	45,4	0,0	-4,1
318 Drykkjarvörur	2.542,6	97,9	0,0	3.144,3	109,4	0,1	11,8
319 Önnur matvara	216,4	144,8	0,1	304,0	191,2	0,1	32,0
33 Fóðurvörur	1.700,4	43,0	0,0	8,5	1,0	0,0	-97,6
34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	539,8	9.152,9	4,5	575,4	8.487,3	4,6	-7,3
340 Lyfjavörur	389,6	6.140,5	3,0	369,0	5.159,4	2,8	-16,0
341 Tæki og vörur til lækninga	107,0	2.980,2	1,5	88,1	3.285,2	1,8	10,2
344 Hreinlætis- og snyrtivörur	43,2	32,2	0,0	118,3	42,7	0,0	32,5
35 Skinna- og textílvörur	651,8	1.291,6	0,6	708,1	990,8	0,5	-23,3
36 Unnin jarðefni	489.249,8	45.408,1	22,2	497.056,4	41.816,5	22,9	-7,9
360 Ál	282.472,4	38.582,7	18,9	286.022,9	34.252,2	18,8	-11,2
361 Kísiljárn	113.719,3	4.924,2	2,4	129.259,6	6.023,5	3,3	22,3
362 Kísilgúr	26.650,7	711,2	0,3	27.969,4	710,7	0,4	-0,1
363 Salt	1.177,9	37,2	0,0	1.436,4	54,6	0,0	46,9
364 Steinull	2.613,6	149,0	0,1	3.050,4	133,2	0,1	-10,6
365 Þang og þaramjöl	26,1	1,9	0,0	57,0	2,4	0,0	23,0
366 Jarðolíur og olíuvörur	44.307,6	830,6	0,4	28.843,7	428,3	0,2	-48,4
367 Krýolít	571,7	15,3	0,0	1.374,7	27,5	0,0	79,0
369 Íblöndunarefni fyrir sement	17.710,4	156,0	0,1	19.042,3	184,2	0,1	18,1
37 Vörur til fiskveiða	3.952,6	4.223,8	2,1	4.219,1	4.312,7	2,4	2,1
370 Rafeindavogir	336,2	1.911,0	0,9	418,8	1.893,3	1,0	-0,9
371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h.	1.122,3	1.021,2	0,5	948,5	976,2	0,5	-4,4
373 Fiskkassar	1.309,1	464,8	0,2	1.411,8	477,1	0,3	2,6
379 Vörur til fiskveiða ót.a.	1.185,0	826,8	0,4	1.440,1	966,1	0,5	16,8
38 Ýmsar iðnaðarvörur	2.960,2	1.914,4	0,9	1.982,7	1.690,7	0,9	-11,7
381 Umbúðir	2.348,4	456,3	0,2	1.410,3	294,6	0,2	-35,4
382 Álpönnur	299,5	242,2	0,1	193,5	175,4	0,1	-27,6
383 Vélar til matvælaframleiðslu	312,4	1.215,9	0,6	379,0	1.220,7	0,7	0,4
39 Aðrar iðnaðarvörur	7.333,3	3.544,3	1,7	10.327,3	2.933,7	1,6	-17,2
<b>4 Aðrar vörur</b>	<b>115.956,5</b>	<b>5.366,2</b>	<b>2,6</b>	<b>110.767,2</b>	<b>3.571,8</b>	<b>2,0</b>	<b>-33,4</b>
41 Jarðefni	46.375,3	166,3	0,1	41.611,1	156,1	0,1	-6,1
42 Endurheimtar vörur	57.206,4	745,5	0,4	56.378,8	683,1	0,4	-8,4
43 Flutningsför	10.708,8	2.378,6	1,2	9.557,9	1.058,5	0,6	-55,5
430 Notuð skip	10.368,8	2.182,6	1,1	9.363,2	899,4	0,5	-58,8
431 Endurbætur fiskiskipa	–	–	–	1,0	2,6	0,0	.
432 Flugvélar	5,8	64,0	0,0	0,6	17,2	0,0	-73,1
433 Bílar, notaðir eða endurseldir	334,2	132,0	0,1	193,2	139,3	0,1	5,5
49 Aðrar vörur	1.666,0	2.075,7	1,0	3.219,3	1.674,1	0,9	-19,4

**Tafla 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2002–2003**

Cif-verð á verðlagi hvors árs	2002			2003			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>2.794.407,2</b>	<b>207.607,5</b>	<b>100,0</b>	<b>2.869.849,2</b>	<b>216.525,1</b>	<b>100,0</b>	<b>4,3</b>
<b>1 Matvörur og drykkjarvörur</b>	<b>198.788,5</b>	<b>20.895,8</b>	<b>10,1</b>	<b>206.095,5</b>	<b>20.228,8</b>	<b>9,3</b>	<b>-3,2</b>
111 Óunnar, einkum til iðnaðar	89.943,7	6.058,8	2,9	96.956,1	5.450,9	2,5	-10,0
112 Óunnar, einkum til heimilisnota	22.611,5	2.853,2	1,4	24.382,8	2.825,5	1,3	-1,0
121 Unnar, einkum til iðnaðar	29.130,3	1.317,0	0,6	26.386,3	1.236,8	0,6	-6,1
122 Unnar, einkum til heimilisnota	57.103,0	10.666,7	5,1	58.370,3	10.715,6	4,9	0,5
<b>2 Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.</b>	<b>1.470.025,4</b>	<b>60.102,4</b>	<b>29,0</b>	<b>1.559.749,1</b>	<b>59.045,1</b>	<b>27,3</b>	<b>-1,8</b>
210 Óunnar	514.579,9	3.687,5	1,8	586.647,7	3.797,0	1,8	3,0
220 Unnar	955.445,6	56.414,8	27,2	973.101,3	55.248,1	25,5	-2,1
<b>3 Eldsneyti og smurolíur</b>	<b>888.987,2</b>	<b>17.320,7</b>	<b>8,3</b>	<b>840.337,1</b>	<b>16.431,0</b>	<b>7,6</b>	<b>-5,1</b>
310 Óunnið eldsneyti	99.166,0	823,9	0,4	85.809,4	623,5	0,3	-24,3
321 Bensín, þ.m.t. flugvélabensín	145.489,7	3.445,8	1,7	140.170,9	3.307,5	1,5	-4,0
322 Annað unnið eldsneyti og smurolíur	644.331,5	13.051,0	6,3	614.356,8	12.500,0	5,8	-4,2
<b>4 Fjárfest.vörur (þó ekki flutn.tæki)</b>	<b>159.043,3</b>	<b>40.964,8</b>	<b>19,7</b>	<b>174.436,7</b>	<b>48.862,5</b>	<b>22,6</b>	<b>19,3</b>
410 Fjárfestingarvörur	16.838,8	25.814,2	12,4	29.933,5	32.965,3	15,2	27,7
420 Hlutar til þeirra	142.204,5	15.150,6	7,3	144.503,1	15.897,2	7,3	4,9
<b>5 Flutningatæki</b>	<b>33.355,0</b>	<b>27.403,8</b>	<b>13,2</b>	<b>40.290,1</b>	<b>28.659,6</b>	<b>13,2</b>	<b>4,6</b>
510 Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar)	10.524,2	8.019,6	3,9	15.984,5	12.462,0	5,8	55,4
521 Flutn.tæki til atv.rek. (ekki skip, flugv.)	5.206,2	2.416,5	1,2	9.725,4	6.422,6	3,0	.
522 Önnur flutningatæki, til einkanota	535,7	462,0	0,2	749,5	611,9	0,3	32,4
530 Hlutar til flutningatækja	5.543,8	4.913,3	2,4	6.531,5	5.206,2	2,4	6,0
540 Skip	11.448,2	4.277,2	2,1	7.223,6	2.794,3	1,3	-34,7
550 Flugvélar	96,7	7.315,2	3,5	75,6	1.162,6	0,5	-84,1
<b>6 Neysluvörur ót.a.</b>	<b>43.583,2</b>	<b>40.467,2</b>	<b>19,5</b>	<b>48.203,8</b>	<b>42.991,4</b>	<b>19,9</b>	<b>6,2</b>
610 Varanlegar (t.d. heimilistæki)	15.292,0	9.062,7	4,4	17.830,8	10.274,1	4,7	13,4
620 Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður)	11.729,7	14.587,4	7,0	13.311,0	15.640,2	7,2	7,2
630 Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf)	16.561,6	16.817,1	8,1	17.062,0	17.077,1	7,9	1,5
<b>7 Vörur ót.a (t.d. endursendar vörur)</b>	<b>624,5</b>	<b>452,9</b>	<b>0,2</b>	<b>737,0</b>	<b>306,8</b>	<b>0,1</b>	<b>-32,3</b>
700 Vörur ót.a. (t.d. endursendar vörur)	624,5	452,9	0,2	737,0	306,8	0,1	-32,3

Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 1999–2003

Fob-verð á verðlagi hvers árs	1999		2000		2001		2002		2003		Breyting '02–'03
	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>144.928,1</b>	<b>100,0</b>	<b>149.272,8</b>	<b>100,0</b>	<b>196.582,2</b>	<b>100,0</b>	<b>204.303,0</b>	<b>100,0</b>	<b>182.580,0</b>	<b>100,0</b>	<b>-10,6</b>
<b>EES</b>	<b>99.786,8</b>	<b>68,9</b>	<b>107.350,3</b>	<b>71,9</b>	<b>144.811,6</b>	<b>73,7</b>	<b>153.462,3</b>	<b>75,1</b>	<b>139.741,4</b>	<b>76,5</b>	<b>-8,9</b>
Austurríki	201,3	0,1	169,6	0,1	266,5	0,1	224,4	0,1	268,4	0,1	19,6
Belgía	2.047,7	1,4	2.231,5	1,5	2.798,9	1,4	3.209,7	1,6	3.215,8	1,8	0,2
Bretland	28.478,6	19,7	28.819,7	19,3	35.839,1	18,2	35.739,0	17,5	31.990,1	17,5	-10,5
Danmörk	6.678,7	4,6	6.311,2	4,2	8.282,1	4,2	9.417,4	4,6	9.315,3	5,1	-1,1
Finnland	658,2	0,5	918,3	0,6	1.326,5	0,7	1.867,1	0,9	1.336,0	0,7	-28,4
Frakkland	7.513,6	5,2	6.845,3	4,6	7.687,9	3,9	7.500,7	3,7	7.381,5	4,0	-1,6
Grikkland	895,9	0,6	960,0	0,6	1.196,0	0,6	1.475,4	0,7	2.113,7	1,2	43,3
Holland	8.710,6	6,0	11.544,9	7,7	21.442,1	10,9	22.059,4	10,8	20.459,9	11,2	-7,3
Írland	379,6	0,3	315,9	0,2	284,1	0,1	329,0	0,2	342,9	0,2	4,2
Ítalía	2.462,9	1,7	2.196,2	1,5	2.517,1	1,3	2.762,9	1,4	2.464,7	1,3	-10,8
Liechtenstein	0,0	0,0	–	–	–	–	–	–	0,1	0,0	.
Lúxemborg	109,6	0,1	32,3	0,0	55,2	0,0	63,8	0,0	54,4	0,0	-14,8
Noregur	6.929,8	4,8	5.940,4	4,0	10.384,3	5,3	9.332,6	4,6	8.157,4	4,5	-12,6
Portúgal	6.959,3	4,8	8.438,8	5,7	10.816,3	5,5	8.865,0	4,3	6.916,4	3,8	-22,0
Spánn	7.503,8	5,2	6.791,6	4,5	10.538,6	5,4	10.693,9	5,2	11.546,5	6,3	8,0
Svíþjóð	1.292,5	0,9	1.324,8	0,9	2.084,7	1,1	2.174,3	1,1	2.348,9	1,3	8,0
Þýskaland	18.964,5	13,1	24.509,9	16,4	29.292,2	14,9	37.747,9	18,5	31.829,3	17,4	-15,7
<b>Önnur Evrópulönd</b>	<b>9.128,4</b>	<b>6,3</b>	<b>7.734,9</b>	<b>5,2</b>	<b>14.166,9</b>	<b>7,2</b>	<b>10.612,6</b>	<b>5,2</b>	<b>10.868,5</b>	<b>6,0</b>	<b>2,4</b>
Búlgaría	21,1	0,0	6,3	0,0	11,3	0,0	14,4	0,0	5,4	0,0	-62,2
Eistland	283,0	0,2	268,3	0,2	388,8	0,2	89,8	0,0	237,5	0,1	164,5
Færeyjar	1.283,8	0,9	2.168,4	1,5	2.585,8	1,3	2.188,9	1,1	2.307,5	1,3	5,4
Grænland	1.093,5	0,8	231,2	0,2	803,4	0,4	431,6	0,2	245,9	0,1	-43,0
Hvíta Rússland	4,4	0,0	38,1	0,0	181,8	0,1	100,8	0,0	257,4	1,0	155,0
Júgóslavía (Serbía og Svartfjallaland)	4,7	0,0	5,1	0,0	5,2	0,0	5,4	0,0	5,8	0,0	7,7
Kasakstan	–	–	–	–	1,4	0,0	–	–	0,0	0,0	.
Lettland	51,5	0,0	112,5	0,1	694,3	0,4	542,0	0,3	195,9	0,1	-63,9
Litháen	141,2	0,1	268,6	0,2	784,0	0,4	1.434,4	0,7	1.295,3	0,7	-9,7
Pólland	264,1	0,2	409,9	0,3	1.035,5	0,5	1.326,0	0,6	1.120,7	0,6	-15,5
Rúmenía	13,8	0,0	37,9	0,0	7,8	0,0	11,5	0,0	56,1	0,0	389,2
Rússland	420,7	0,3	610,8	0,4	715,7	0,4	816,1	0,4	1.034,0	0,6	26,7
Slóvakía	11,7	0,0	10,2	0,0	30,2	0,0	18,4	0,0	15,9	0,0	-13,5
Slóvenía	13,4	0,0	9,6	0,0	16,2	0,0	8,5	0,0	8,3	0,0	-2,3
Sviss	5.370,3	3,7	3.263,3	2,2	6.400,0	3,3	3.056,4	1,5	3.555,9	1,9	16,3
Tékkland	0,4	0,0	11,7	0,0	42,2	0,0	17,3	0,0	30,1	0,0	73,9
